

FRÉTTABRÉF

STEINSTEYPUFÉLAGS ÍSLANDS

Janúar 2014

1. tbl. 27.árgangur

NÝ HEIMASÍÐA

Eitt af markmiðum stjórnarinnar er að auka sýnileika félagsins og var því ráðist í að endurnýja heimasíðu þess. Stefnt er að reglulegum uppfærslum úr steinsteypuheiminum - steinsteypufelag.is



Steinsteypufélag Íslands er einnig komið með síðu á Facebook þar sem hægt verður að fylgjast með nýjustu fréttum félagsins. Við hvetjum alla sem eru á Facebook til að líka við nýju síðuna okkar:

facebook.com/steinsteypufelag

PÓSTLISTI

Félagið hefur hafist handa við að uppfæra póstlista félagsins. Vill stjórn hvetja sem flesta til að fara inn á heimasíðu félagsins þar sem hægt er að skrá sig á póstlistann beint á forsíðunni.

Á nýju Facebook síðu félagsins er einnig hnappur til að skrá sig á póstlistann.



Skrá mig á póstlist...

STJÓRN FÉLAGSINS

Í stjórn Steinsteypufélags Íslands sitja 5 aðilar og þar að auki er einn framkvæmdastjóri.

Formaður er Kai Westphal, varaformaður Ólafur Wallevik og meðstjórnendur eru Benedikt Jónsson, Þórður I. Kristjánsson og Guðbjartur Jón Einarsson.

Nú um áramótin tók nýr framkvæmdastjóri, Erla Margrét Gunnarsdóttir, við af Indriða Níelssyni sem er að ljúka störfum eftir að hafa sinnt starfinu síðan 2006. Stjórn félagsins þakkar Indriða fyrir vel unnin störf.

STYRKUR TIL NÁMSMANNA

Steinsteypufélagið veitir árlega styrk, einn eða fleiri, til námsmanna sem vinna að lokaverkefnum í tæknifræði eða að meistara- eða doktorsverkefnum í verkfræði.

Áskilið er að verkefnið fjalli um rannsóknir á steinsteypu eða hagnýta notkun steinsteypu, sem a.m.k. að hluta til eru úr íslenskum efnum eða ætluð til notkunar við íslenskar aðstæður.

Auglýst er eftir umsóknum fyrir styrkarið 2014 og skal umsóknum skilað fyrir 10. febrúar 2014 til Steinsteypufélags Íslands á tölvupósti: steinsteypufelag@steinsteypufelag.is. Steinsteypufélag Íslands áskilur sér einnig rétt til að hafna öllum umsóknum.

Í umsókn skal koma fram nafn umsækjanda, heiti verkefnis ásamt ítarlegri lýsingu, heiti skóla/stofnunar sem verkefnið er unnið við og nafn/nöfn leiðbeinanda. Afhending styrkja verður á Steinsteypudaginn 2014.

STEINSTEYPUÐAGURINN 2014

Steinsteypudagurinn 2014 verður haldinn föstudaginn **21. febrúar 2014** klukkan 8.30 til 16.00 á Grand Hótel. Takið daginn frá!

Dagskrá og skráning verða auglýst í árlegu fréttabréfi félagsins í byrjun febrúar.

